

TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI KÁRSNESHAFNAR - BAKKABRAUT NORÐAN VESTURVARAR

One 24041399

Greinargerð

Inngangur

Deiliskipulag Kársneshafnar, samþykkt í bæjarstjórn 23. janúar 1990 og staðfest af skipulagsstjóra ríkisins 19. mars 1990 er gildandi fyrir göturými Bakkabrautar norðan Vesturvarar. Síðar hafa verið samþykktar deiliskipulagsbreytingar á umræddu svæði, m.a.:
 - Kársnes - Hafnarsvæði Vesturvör 32-38, breytt deiliskipulag dags 15. apríl 2011.
 - Vesturvör 30, breytt deiliskipulag dags. 15. september 1999.

Deiliskipulagsbreyting þessi nær einungis til umferðarmannvirkja. Engar byggingar eru innan þess svæðis sem breytt er. Skipulagsbreytingin nær eingöngu til þess gatnarymis sem tengist fyrirhugadri Fossvogsbúri og þeim samgöngumannvirkjum sem henni fylgja.

Skipulagssvæðið og núverandi ástand


Deiliskipulagsbreytingin er innan þróunarsvæðis ÞR-1 í gildandi aðalskipulagi. Vestan marka skipulagsbreytingarinnar er skilgreint athafnasvæði en búarbyggð austan svæðisins.

Deiliskipulagsvæði Kársneshafnar frá 1990 afmarkast nokkurn veginn af byggingum beggja vegna Hafnarbrautar og landi þar vestan, að þáverandi strandlinu og fyrirhugðum hafnarbökkum. Skv. greinargerð eru þó hafnarmannvirkin sem sýnd eru á upprætti ekki hluti af deiliskipulaginu. Núverandi byggingar austan Bakkabrautar eru enn í nokkru samræmi við skipulagið. Landnotkun og strandlina vestan Bakkabrautar er gjörbreytt. Fjöldi deiliskipulagsbreytinga hafa verið gerðar á upphaflega skipulagi og breytingar gerðar á breytingum. Um aðkomu og umferð segir í greinargerð hins upphaflega skipulags: „Megin aðkoma svæðisins er fyrirhuguð um Vesturbraut (tengibraut) en einnig frá Kársnesbraut um Nesvör. Deiliskipulag svæðisins gerir ráð fyrir nýrri götu vestan Hafnarbrautar, nefnd Bakkabraut.“ (Vesturbraut er ekki að finna á uppráttum en ljóst er að átt er við Vesturvör). Skipulagið lagði þannig grunninn að Kársneshöfn og gatnakervi hennar, sem síðar óx með auknum landfyllingum.


Markmið og tilgangur skipulagsbreytingar.

Samkvæmt Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 er gert ráð fyrir brú yfir Fossvog fyrir gangandi og hjólandi umferð ásamt Borgarlínu. Í gildi er deiliskipulag fyrir brúna sjálfa og landtöku hennar beggja vegna Fossvogs. Óhjákvæmilega mun Fossvogsbúri og vegstæði Bakkabrautar hafa áhrif á aðliggjandi götur, lóðir og bílastæði innan þeirra. Við gatnahönnun alla gerir skipulagið ráð fyrir að öruggt og aðlaðandi borgarumhverfi sé í öndvegi og þarfir gangandi og hjólandi vegfarenda í forgang.


Upphaflegt skipulag og síðari deiliskipulagsbreytingar sem breytast.



Kársnes - Hafnarsvæði, Vesturvör 32-38. Breytt deiliskipulag. (Uppdráttir í 1:2000, hér smækkuð yfirlitsmynd.) Síðast breytt í september 2011. Breyting á deiliskipulagi: Kársneshöfn, Vesturvör 32, 34 og 36 Deiliskipulag, sem náði að hluta inn á upphaflegt skipulag Kársneshafnar frá 1989 og að hluta yfir nýja landfyllingu. Síðar (2023) var hluta þessarar skipulagsbreytingar breytt aftur. Sú breyting náði einungis til svæðist norður af lóðum 34 og 36 (sýnd til hliðsjónar á skipulagsupprætti) og breyttist ekki.



Vesturvör 30. Tillaga að breyttu deiliskipulagi. (Uppdráttir í 1:1000, hér smækkuð yfirlitsmynd.) Frá september 1999. Breyting á upprunalegu deiliskipulagi Kársneshafnar sem sýnt er upprætti með þá áörðum breytingum.



Kársneshöfn Kópavogi. Tillaga að deiliskipulagi athafnasvæðis. (Uppdráttir í 1:1000, hér smækkuð yfirlitsmynd.) Upprunalegt deiliskipulag Kársneshafnar frá desember 1989.

Sérreinn Borgarlínu

Um borgarlínubraut aka eingöngu almenningsvagnar. Neyðarbilum er einnig heimilaður akstur á borgarlínubrautum. Bakkabraut norðan Vesturvarar verður að borgarlínubraut með sérreinu í báðar áttir. Sunnan Vesturvarar ekur Borgarlínan í blandari umferð.

Bakkabraut borgarlínustöð

Aætlanir Borgarlínu gera ráð fyrir þremur stöðvum á Kársnesi, þeirri nýrstu, kenndri við Bakkabraut norðan við krossgatnamót Vesturvarar og Bakkabrautar. Deiliskipulagsbreyting þessi ákvarðar henni stað við norðurmörk lóða Hafnarbrautar 27 og Vesturvarar 30. Þannig tengist hún stofnstig göngu- og hjólaeða sem liggur eftir strandlengjunni.


Samfara breytingum á aðlagnum skipulögum er lóðarmörkum aðliggjandi lóða breytt eins og upprætti sýna og innviðum Borgarlínu afmarkað 25m breitt þéttarland við stöðina. Innan þess er reiknað með að komist með góðu móti fyrir gang- og hjólastigir sitt hvoru megin (5m), brautarpallur sitt hvoru megin (allt að 4m breiðir og 34m langir að skábrautum meðtöldum) og 7m breytt sérrými Borgarlínu. Málsetningar á skýringarupprætti eru leiðbeinandi um hvernig hægt sé að deila upp stöðvarryminu. Nákvæm útfærsla stöðvar ákvarðast í verkhönnun Borgarlínu. Byggingarreitir er vitt afmarkaður yfir 67 lengdametra. Innan þess svæðis mega og skulu öll mannvirki og götuögn stöðvarinnar rísa. Þar með talið skýli, bekkir, tillibekkir, grindverk, handbrú og pollar, hjólastæði, rúslastampar, upplýsingaskilti, auðkenningsskilti stöðvar, sértek lýsing og rampar.

Einnig má í fyllingu tímans byggja innan þess reits brú, gang, hæðir og/eda göng og kjallara milli bygginga á aðliggjandi lóðum, svo lengi sem af þeirri tengbyggingu sé aðgengi beint á brautarpalla og það aðgengi sé fært öllum (með lyftu). Umfang þessarar mögulegu yfirbyggingar eða undirganga afmarkast af stærð nýbygginga sem leyfar verða á aðliggjandi lóðum. Nýtingarhlutfall mun teljast til þeirra lóða enda verður götuþæðin öll í eigu og umsjón Kópavogs og rekrstaráðila Borgarlínunnar. Byggingarrétt efanfarar og neðan gegn sveitarfélagi úthlutað samkvæmt samningum við lóðarhafa stíthvora megin stöðvarinnar.

Hjóla- og göngustigar

Tvistefnu hjólastigir liggja vestan megin meðfram nýrsta hluta Bakkabrautar, í beinu framhaldi af hjólastig Fossvogsbúrar. Í framhaldi af göngustig Fossvogsbúrar, austan Bakkabrautar liggja megin gönguleið að borgarlínustöð. Einnig liggja göngustigir vestan götunnar. Lóðarmörkum Vesturvarar 30 er breytt þannig að pláss skapist fyrir 5m breiða fyrir stíga beggja vegna borgarlínubrautar. Lóðarmörk Vesturvarar 34 og Hafnarbrautar 27 breytast einnig eins og uppráttur sýni.

Upphaflegt skipulag í sínum útgefna mælikvarða ásamt deiliskipulagsbreytingum sem í gildi er.



SKIPULAGSSKÝRINGAR

- mörk deiliskipulagsbreytingar
- almenn akbraut
- akbraut Borgarlínu
- gangstétt / göngustigur / blandari stigur þar sem samkv. útskýringarupprætti má hljóta á gangstéttum
- hjólastigur / hjólein einstakla eða bílastæði einu og öðrum sýna
- græn svæði / almenningsvæði / öryggissvæði þ.m.t. gangstættir þar sem yfirborð er í höfuðstöð aðlagðandi
- göngubætur akbrautar útfærslu, yfirborðsmarkir og skilti ákvarðast réttur við gatnahönnun
- hjólabætur akbrautar útfærslu, yfirborðsmarkir og skilti ákvarðast réttur við gatnahönnun
- brautarpallur borgarlínustöðvar með útfærslumarkir
- inn- og útfærsla að og frá bílastæðum / bílastæðum og lóðum
- götukantur
- ný lóðarmörk
- afstöð lóðarmörk
- byggingarlína steinin
- háspennustrengur ásamt öm öryggissvæði
- upphækkun, fláar og rampar innan gata, stíga og borgarlínusvæða
- leyfar akstursteinar
- tré / annar gróður í göturými höfuðstöðvar, innan ákvarðast við umferðar- og gatnahönnun
- umferðarjóstastýri gatnamót yfirborðsmarkir og umferðarstýringar, réttur útfærslu við umferðar- og gatnahönnun

Skipulagsuppráttir
 Skipulagsbreyting sýndi ofan á upprunalegu skipulagi Kársneshafnar, síðari breytingum þess og gildandi deiliskipulagi Fossvogsbúrar.

Umhverfisáhrif

Umhverfisáhrif breytingarinnar eru óveruleg, skipulagsvæðið er allt á röskuðu landi og upplýingu. Um nánari áhrif vísað til rammahluta Aðalskipulags Kópavogs og umhverfismatsskýrslu fyrsta áfanga borgarlínuverkefnisins: Borgarlína, lota 1, Artúnshöfði-Hamraborg.

Almennir skipulagsskilmálar


Krossgatnamót Bakkabrautar - Vesturvarar verða umferðarjóstastýrt og forgangur veittur Borgarlínu. Engin gatnamót eru norðar á Bakkabraut. Þar sem engin almennur akstur er um Bakkabraut norðarvegi eru þar engar innkeyslur á lóðir Vesturvarar 30 og 34, né Hafnarbrautar 25 og 27. Það samræmist því breyta deiliskipulagi sem hér er sýnt. Núverandi innkeyslur á lóðir Vesturvarar 30, 34 og Hafnarbrautar 27 leggjast því af, sem og T-gatnamót við Bakkabraut milli lóðanna. Bílastæði sem fyrir eru innan lóðarkerðinga leggjast einnig af eða færast innan lóðar. Innkeyslum á lóðir og bílastæðum innan þeirra verða sem áður gerð skil á mæliblöðum þar til nýtt heildarskipulag verður gert fyrir hafnarsvæðið.

Gert er ráð fyrir göngu- og hjólastig milli Hafnarbrautar 25 og 27 sem þýðir Bakkabraut og tengist inn á lóð Vesturvarar 30 handan borgarlínubrautar. Nákvæm lega og útfærsla þessara stíga er leiðbeinandi á uppráttum en gerð þeirra er forsenda bestu og stýstu göngu- og hjólastengingar að borgarlínustöð úr öllum áttum.


Nákvæm hönnun stíga, gatna, landslags, lýsingar og annarra innviða ákvarðast við umferðar- og gatnahönnun. Yfirborðsefni og gróður skal valinn af kostgæfni og umhverfisfrágangur allur verði til fyrirmyndar.

Samræmi við aðrar skipulagsáætlanir

Deiliskipulagsbreyting þessi er í samræmi við Aðalskipulag Kópavogs 2019-2040, Rammahluta aðalskipulags um fyrstu lotu Borgarlínu sem er í samþykktarferli og vinnsluillögu rammahluta aðalskipulags um vesturvör Kársnes. Skipulagsbreytingin er einnig í samræmi við nýtt deiliskipulag Borgarlínu um Kársnes sem er í vinnslu. Við gildistöku þess munu skipulagsmörk breytast og ýmis fyrri skipulög falla úr gildi, þ.m.t. skipulagsbreyting þessi.



Skýringaruppráttir
 Vörðumöunarstærðir (málsetningar í metrum), áhrif á aðliggjandi lóðir ásamt skýringum og fyrirvörum.



Úr Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040, ekki í mælikvarða. Staðsetning skipulagsvæðis: —

SAMPYKKT OG STAÐFESTING

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við 1. málsgrein 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt

í skipulagsráði Kópavogs þann	_____ 2024
og í bæjarstjórn Kópavogs þann	_____ 2025.
Tillagan var auglýst frá	_____ 2025
með athugasemdafrest til	_____ 2025.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 2025.

Skipulagsgögn:
 Skipulagsuppráttur þessi og greinargerð á A1 blaði.

Kortagrunnar:
 Landupplýsingakerfi Kópavogs SHAPE gögn september 2022
 Loftmynd frá 2023, úr loftmyndagrunni Kópavogs. Loftmyndir ehf.

Hnitakerfi: ISN93 Kvarði: 1:1000 og 1:500 (A1)

2	
1	
Útg.	Dags. Tíðni

VSÓ RÁDGJÖF

Telning: 2242 Kársneshöfn Kópavogi, breytt deiliskipulag Bakkabraut vev. Dags: 03.04.2025

Skipulag: OG Yfirlit: KH/OG

